

Helstu niðurstöður aðalfundar

Sjóvá-Almennra trygginga hf. 2025

Aðalfundur Sjóvár var haldinn 13. mars í fundarsal félagsins Kringlunni 5, Reykjavík.

- Ársreikningur vegna ársins 2024 var samþykktur.
- Fundurinn samþykkti tillögu stjórnar um arðgreiðslu sem nemur kr. 2,94 á hlut fyrir rekstrarárið 2024 eða um 3.400 m.kr. Arðsákvörðunardagur er 13. mars 2025 og þar af leiðir að skráðir hluthafar í lok dags 17. mars 2025, sem telst arðsréttindadagur, eiga rétt á arðgreiðslu. Fyrsti viðskiptadagur eftir arðsákvörðunardag er 14. mars 2025 og er hann arðleysisdagur. Útborgunardagur arðs er 27. mars 2025.
- Tillaga um breytta starfskjarastefnu var samþykkt.
- Í stjórn félagsins voru kjörin:
Björgólfur Jóhannsson
Guðmundur Örn Gunnarsson
Hildur Árnadóttir
Ingi Jóhann Guðmundsson
Ingunn Agnes Kro
Stjórn hefur skipt með sér verkum. Formaður stjórnar er Björgólfur Jóhannsson og Hildur Árnadóttir varaformaður.
Eftirtalin voru kjörin sem varamenn í stjórn:
Erna Gísladóttir
Garðar Gíslason
- Tillaga um að KPMG yrði kosið endurskoðunarfélag félagsins til eins árs var samþykkt.
- Aðalfundur tilnefndi Önnu Birgittu Geirfinnsdóttur og Friðriks Halldórssonar í endurskoðunarnefnd.
- Breytingartillaga sem borin var upp á aðalfundi um þóknun stjórnar félagsins og tilnefningarnefndar var samþykkt. Laun stjórnarmanna verða 467.000 kr. á mánuði og laun stjórnarformanns 917.000. Hvorum varamanni skal greidd eingreiðsla 467.000 kr. í upphafi starfsárs og að auki 161.000 kr. fyrir hvern fund sem hann situr. Þóknun endurskoðunarnefnd verði kr. 122.000 á mánuði og að laun nefndarformanns verði kr. 242.000 á mánuði. Nefndarlaun í starfskjaranefnd verði kr. 25.000 á mánuði og að laun nefndarformanns verði kr. 50.000 á mánuði. Þóknun nefndarmanna í tilnefningarnefnd verður 36.000 kr. á mánuði og 48.000 fyrir hvern fund og fær formaður 50% álag.
- Tillaga stjórnar um heimild til kaupa á eigin hlutabréfum með framkvæmd endurkaupaáætlunar var samþykkt.

Nánari upplýsingar veitir Davíð Scheving Thorsteinsson í síma 869-8109 eða fjarfestar@sjova.is.